



RÍKISENDURSKOÐUN

Bréttartúni 7, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Bankaráð Seðlabanka Íslands
Ólöf Nordal, formaður
Kalkofnsvegi 1
150 Reykjavík.

Dagsetning
30. júní 2014

Tilvísun
14030067
11.02
SA/mb

Meðfylgjandi er svar Ríkisendurskoðunar við erindi bankaráðs Seðlabanka Íslands, dags. 13. mars sl., þar sem þess var farið á leit að Ríkisendurskoðun gerði úttekt á greiðslum bankans á málskostnaðarreikningum Más Guðmundssonar, seðlabankastjóra, vegna málssóknar hans á hendur bankanum í kjölfar úrskurðar Kjararáðs nr. 210.4.019 frá 23. febrúar 2010.

Afrit:

Már Guðmundsson, seðlabankastjóri.

Lára V. Júlíusdóttir hrl. og fyrrv. formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands.

30. júní 2014

Greiðslur Seðlabanka Íslands á lögmannsreikningum Más Guðmundssonar seðlabankastjóra vegna málssóknar hans á hendur bankanum

Svar Ríkisendurskoðunar við erindi bankaráðs

Í erindi bankaráðsins, dags. 13. mars sl., er þess farið á leit að Ríkisendurskoðun geri úttekt á greiðslum bankans á málskostnaðarreikningum Más Guðmundssonar seðlabankastjóra vegna málssóknar hans á hendur bankanum¹ í kjölfar úrskurðar kjararáðs nr. 2010.4.019 frá 23. febrúar 2010. Greiðslurnar fóru fram á tímabilinu frá lokum árs 2011 til miðs árs 2013.

Áður en vikið verður að einstökum liðum í erindi bankaráðsins þykir ekki hjá því komist að víkja stuttlega að forsögu málsins, hlutverki þv. formanns bankaráðsins við málssóknina og sjónarmiðum að baki ákvörðunum hans í tengslum við rekstur málsins.

Í lok febrúar 2009 tóku gildi breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands, sem m.a. fólu í sér að bankastjórum var fækkað úr þremur í einn. Ákveðið var að auglýsa starfið og fela sérstakri nefnd það val. Lára V. Júlíusdóttir hrl. var kosin formaður bankaráðsins í mars sama ár og sat hún í valnefndinni sem fulltrúi Seðlabankans. Áður en Már Guðmundsson sótti um starfið hafði hann kynnt sér ákvörðun bankaráðs Seðlabankans um starfskjör seðlabankastjóra sem samkvæmt þágildandi lögum var í höndum þess. Í trausti þess að starfskjör hans yrðu sambærileg sótti hann um starfið. Skömmu áður en ráðningarferlinu lauk, en það stóð yfir í júní og júlí 2009, hafði Már spurnir af frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kjararáð og fleiri lögum. Á þeim tíma lá fyrir að valnefnd hafði talið hann hæfastan umsækjenda. Áður en hann tók endanlega ákvörðun um að taka starfinu telur hann sig hafa, fyrir orð ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins, fengið loforð forsætisráðherra um að laun hans yrðu ekki lægri en tæplega 1,5 m.kr. á mánuði jafnvel þó svo að breytingar kynnu að verða gerðar á lögum um kjararáð.

Með bréfi forsætisráðherra 26. júní 2009 var Már skipaður í embætti seðlabankastjóra til fimm ára frá og með 20. ágúst 2009 og byggðu laun og önnur starfskjör hans þá á ákvörðun bankaráðs Seðlabankans frá 30. mars 2009, sbr. þágildandi ákvæði b. liðar 28. gr. laga um Seðlabanka Íslands. Áðurnefnt frumvarp til breytinga á lögum um kjararáð og fleiri lögum varð að lögum nr. 87/2009 og tóku þau gildi 18. ágúst 2009. Það mælti m.a. fyrir um breytingu á nefndum b. lið 28. gr. laganna um Seðlabankann, sem fól í sér að kjararáð skyldi framvegis ákveða laun og önnur starfskjör seðlabankastjóra önnur en rétt til biðlauna og eftirlauna og önnur atriði, sem varða fjárhagslega hagsmunum hans sem bankaráðið ákveður. Með hliðsjón af þeim breytingum, sem urðu á umræddri grein í meðförum Alþingis og

¹ Dómur Hæstaréttar nr. 695/2012

niðurlagi ákvæðisins, leit þv. formaður bankaráðs Seðlabankans svo á að í því fælist heimild til bankaráðsins til að ákvarða bankastjóra viðbótargreiðslur. Þessum skilningi höfnuðu síðar bæði forsætisráðherra og fjármálaráðherra. Í febrúar 2010 kvað kjararáð upp úrskurð sinn um laun seðlabankastjóra, sem fól í sér að launakjör hans skertust um u.þ.b. þriðjung.

Að mati þv. formanns bankaráðsins vöknudu ýmsar spurningar um áhrif þessarar lagasetningar á skipun seðlabankastjóra og réttmæti úrskurðar kjararáðs. Að hans mati var hætt við að svo stórfelld kjaraskerðing fæli í sér forsendubrest fyrir áframhaldandi störfum seðlabankastjóra. Af þessum sökum fór þv. formaður bankaráðsins þess á leit við Andra Árnason hrl. að hann skilaði álitum um þá stöðu, sem upp var komin. M.a. var óskað svara við því hvort lækking launa seðlabankastjóra jafngilti uppsögn í starfi, hvernig lækkingin samrýmdist ákvæðum seðlabankalaga um tímabundna skipun seðlabankastjóra, hvort hægt væri að lækka launakjör seðlabankastjóra á skipunartíma og frá hvaða tímamarki ætti að greiða seðlabankastjóra laun skv. ákvörðun kjararáðs. Þetta kynnti þv. formaður bankaráðinu í sérstöku minnisblaði. Meginniðurstaðan í álitum Andar Árnasonar hrl. var sú að ekki væri hægt að skerða kjör skipaðs embættismanns á meðan á skipunartíma hans stæði.

Þá var það einnig mat þv. formanns að í raun væri öldungis óljóst hvernig bankinn ætti að haga launagreiðslum sínum til seðlabankastjóra. Hafa má í huga í þessu sambandi að í kjölfar úrskurðar kjararáðs 2010, sem fól í sér lækking launa nokkurra forstöðumanna ríkisstofnana og félaga í meirihlutaeigu ríkissjóðs, töldu margar stjórnir þessara aðila nauðsynlegt að láta skoða sérstaklega hvenær úrskurðurinn skyldi koma til framkvæmda. Öfluðu þær sér m.a. lögfræðilíta um þessa spurningu, sem voru efnislega mjög á sömu lund og niðurstaða Andra Árnasonar hrl., þ.e.a.s. að laun viðkomandi forstöðumanna mætti ekki lækka fyrr en að loknum uppsagnarfresti skv. ráðningarsamningi hvers og eins.² Í ljósi lögfræðilítsins töldu stjórnendur bankans nauðsynlegt að fá úr því skorið fyrir dómi hvernig bankinn ætti að bregðast við, enda réttarstaða aðila um margt mjög óljós. Brýnt væri að stjórn á bankanum væri styrk og örugg og því yrðu laungreiðslur til yfirmanna hans að vera réttar. Svo sem kunnugt er taka starfskjör æðstu yfirmanna Seðlabankans mið af kjörum bankastjórans og því skipti upphafsviðmið í því efni meginmáli. Þv. formaður tók þátt í þessum umræðum á vettvangi yfirstjórnar bankans og var fullkomlega sammála þessum sjónarmiðum. Umræður um þetta fóru ekki fram í bankaráðinu sjálfu enda var ákvörðun um starfskjör seðlabankastjóra ekki lengur í þess höndum. Ekki var á þessu stigi fjallað sérstaklega um kostnað við málarekstur. Á hinn bóginn hefur þv. formaður jafnan talið að þar sem það væru ekki síst hagsmunir Seðlabankans að niðurstaða fengist með dómi væri með hliðsjón af eðli málsins bæði sanngjart og eðlilegt að bankinn bæri kostnað beggja aðila af málinu. Þá hefur hann m.a. bent á í þessu sambandi að það hafi ekki síst verið fyrir hvatningu hans að Már Guðmundsson áfrýjaði niðurstöðu héraðsdóms til Hæstaréttar.

Í ljósi eðlis þessa máls hlaut það að falla í hlut þv. formanns bankaráðs að vera stefnt fyrir hönd bankans. Því féll það í hans hlut að annast, f.h. bankans, samskipti vegna dómsmálsins, t.d. ráða lögmann til þess að annast málsvörðuna, vera í tengslum við hann og aðstoða eftir

² Sjá fyrirspurnir Vilhjálms Bjarnasonar alþingismanns til fjármála- og efnahagsráðherra og svör hans á þingskjölum 529-535/2014 á 143. löggjafarþingi.

Því sem þörf var á auk þess að upplýsa bankaráðið um framvindu þess. Hann telur að öllum hafi verið þetta ljóst, ekki aðeins bankaráðinu sem slíku heldur og bankastjóranum og starfsmönnum bankans. Við vinnu sína í þessu efni hafi hann aldrei verið spurður um umboð, hvorki af bankaráði, bankastjóra né öðrum yfirmönnum bankans enda öllum ljóst að með hliðsjón af því hvernig málið væri vaxið hlyti það að falla í hans hlut að annast afgreiðslu þess með hagsmuni bankans að leiðarljósi. Hann hafi í þessu efni engra persónulegra hagsmuna að gæta heldur hafi hann fyrst og fremst viljað tryggja að rétt lögræðileg niðurstaða fengist í því álitamáli, sem upp hafi komið í kjölfar úrskurðar kjararáðs.

Í tilvitnuðu erindi bankaráðsins er þess óskað að úttektin taki m.a. til 10 atriða, sem nánari grein er gerð fyrir. Hér á eftir verður gerð grein fyrir athugun Ríkisendurskoðunar á þessum atriðum í sömu röð og þau eru sett fram í erindi bankaráðsins.

1. Heimild bankaráðs til að samþykkja greiðslur í rekstri bankans

Starfsemi bankaráðsins er lögbundin, sbr. einkum V. kafli laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands. Samkvæmt 22. gr. er yfirstjórn bankans í höndum ráðherra og bankaráðs, sem nánar er fyrir mælt í lögnum. Ákvarðanir um beiingu stjórnækja bankans í peningamálum eru teknar af peningastefnunefnd, sbr. nánar 24. gr. laganna, en að öðru leyti er stjórn bankans í höndum seðlabankastjóra.

Í 26.–28. gr. laganna er nánar mælt fyrir um skipan og hlutverk bankaráðsins. Það er kosið af Alþingi að loknum alþingiskosningum, sbr. 1. mgr. 26. gr. Skv. 2. mgr. sömu greinar velur bankaráðið formann og varaformann úr eigin röðum. Formaður kallar bankaráðið saman til fundar og ætíð skal fundað þegar tveir bankaráðsmenn óska þess, sbr. 1. mgr. 27. gr. Afl atkvæða ræður úrslitum mála en falli þau jafnt ræður atkvæði formanns. Seðlabankastjóri situr fundi bankaráðs, hefur tillögurétt og tekur þátt í umræðum. Hann skal þó víkja af fundi ef bankaráð ákveður, sbr. 2. mgr. greinarinnar. Í 28. gr. er síðan nánar mælt um hlutverk ráðsins en greinin hljóðar svo:

„Bankaráð hefur eftirlit með því að Seðlabanki Íslands starfi í samræmi við lög sem um starfsemina gilda. Seðlabankastjóri skal jafnan upplýsa bankaráð um helstu þætti í stefnu bankans og um reglur sem hann setur. Að öðru leyti skal bankaráð sérstaklega sinna eftirtöldum verkefnum:

- a. Staðfesta tillögur seðlabankastjóra um höfuðþætti í stjórnskipulagi bankans.
- b. Ákveða laun og önnur starfskjör aðstoðarseðlabankastjóra og fulltrúa í peningastefnunefnd, þ.m.t. rétt til biðlauna og eftirlauna. Kjararáð ákveður laun og önnur starfskjör seðlabankastjóra önnur en rétt til biðlauna og eftirlauna og önnur atriði sem varða fjárhagslega hagsmuni hans sem bankaráðið ákveður.
- c. Hafa umsjón með innri endurskoðun við bankann og ráða aðalendurskoðanda.
- d. Staðfesta starfsreglur sem peningastefnunefnd setur um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum, sbr. 24. gr.

- e. Fylgjast með framkvæmd starfsreglna og starfsháttum peningastefnunefndar.
- f. Staðfesta val yfirmanna í peningastefnunefnd að fenginni tillögu seðlabankastjóra.
- g. Staðfesta reglur sem seðlabankastjóri setur um umboð starfsmanna bankans og aðstoðarseðlabankastjóra til þess að skuldbinda bankann, sbr. 23. gr.
- h. Staðfesta kjarasamninga við starfsmenn bankans, fjalla um reglur um lífeyrissjóð þeirra og staðfesta skipun fulltrúa í stjórn hans þegar svo ber undir.
- i. Staðfesta tillögu Seðlabankans til ráðherra³ um reglur um reikningsskil og ársreikning bankans, sbr. 32. gr.
- j. Veita ráðherra umsögn um reglugerð um framkvæmd einstakra þátta laga þessara þegar svo ber undir, sbr. 39. gr.
- k. Staðfesta ársreikning bankans, sbr. 32. gr.
- l. Staðfesta áætlun um rekstrarkostnað bankans sem seðlabankastjóri³ leggur fram í upphafi hvers starfsárs.
- m. Hafa eftirlit með eignum og rekstri bankans og staðfesta ákvarðanir um meiri háttar fjárfestingar.
- n. Staðfesta reglur sem seðlabankastjóri³ setur um viðurlög í formi dagsekta, sbr. 37. gr.
- o. Staðfesta reglur sem seðlabankastjóri setur um heimild starfsmanna bankans til setu í stjórnnum stofnana og atvinnufyrirtækja utan bankans, sbr. 25. gr.
- p. Staðfesta starfsreglur sem seðlabankastjóri setur um varðveislu gjaldeyrisforðans, sbr. 20. gr.“

Af framansögðu verður ráðið að meginhlutverk bankaráðsins felst í að hafa eftirlit með starfsemi bankans. Í greinargerð með þessu ákvæði í frumvarpi að gildandi lögum um bankann segir að 1. málsl. greinarinnar beri að skilja þannig að bankráði, sem kjörið sé af Alþingi, sé falið að veita rekstri og starfsemi bankans „*aðhald og sinna eftirliti af hálfu löggjafarvaldsins auk annarra verkefna, sem eru nánar tilgreind í þessari grein*“. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því að bankaráðinu ber m.a. að ákveða rétt bankastjóra til biðlauna og eftirlauna og „*önnur atriði sem varða fjárhagslega hagsmuni hans*“ sbr. 2. málsl. b. liðar 28. gr. Eins ber ráðinu, skv. m. lið, að hafa „*eftirlit með eignum og rekstri bankans og staðfesta ákvarðanir um meiri háttar fjárfestingar*“. Þá skal vakin athygli á því að í athugasemdum við 28. gr. í frumvarpi að lögunum segir beinlínis að víða í frumvarpinu sé vísað til ákvarðana, sem Seðlabankinn skal taka eða tillagna, sem hann skal gera. Sé ekki tekið fram í greininni að bankaráð hafi ákvörðunarvald á því sviði ber að líta svo á að ákvörðunarvaldið og tillögurétturinn sé í höndum bankastjórnar³.

Þó hvergi sé berum orðum mælt svo fyrir í lögunum um Seðlabankann eða reglugerð um hann að bankaráðið sem slíkt geti eða sé ætlað að skuldbinda bankann þá verður að játa því tiltekið umboð til slíkra ákvarðana. Með hliðsjón af yfirstjórnarhlutverki bankaráðsins og beinni aðkomu þess að ákvörðunum um fjárhagsleg málefni bankastjórnans önnur en laun, sbr. b. lið 28. gr., verður t.d. að ganga út frá því að það geti tekið ákvarðanir og samþykkt til

³ Hér er átt við eldra fyrirkomulag þegar bankastjórnar voru 3 - er nú í höndum seðlabankastjóra

greiðslu útgjöld af hálfu bankans, sem varða bankastjóra hans. Eðli málsins samkvæmt er bankastjórinn að jafnaði vanhæfur til slíkra ákvarðana og þar með einnig aðrir starfsmenn bankans. Á sama hátt má ætla að bankaráðinu sé í krafti yfirstjórnarhlutverks síns heimilt að ákveða að leggja út í kostnað í tengslum við tiltekna starfsemi ráðsins svo sem álitsumleitanir sérfræðinga utan bankans um málefni, sem til umfjöllunar eru í bankaráðinu o.fl. í þeim dúr. Hins vegar er æskilegt að ráðið setji sér sérstakar starfsreglur þar sem m.a. væri kveðið á um heimildir þess til ákvarðana í þessum efnum, þær afmarkaðar og mælt fyrir um hvernig að afgreiðslu útgjaldatilefna skuli staðið, mögulegt umboð til handa formanni til ákvarðana í þessu efni á milli funda ef svo ber undir o.s.frv. Rétt er að geta þess að síðasta bankaráð hafði samið drög að starfsreglum en þau hlutu ekki afgreiðslu. Að mati Ríkisendurskoðunar er æskilegt að stjórnir og ráð á borð við bankaráð Seðlabanka Íslands setji sér starfsreglur.

Varðandi ákvörðunarvald ráðsins er þess að geta að Seðlabankinn er stjórnvald í skilningi 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Á sama hátt telst bankaráðið stjórnsýslunefnd í skilningi laganna og er því stjórnvald þegar það tekur ákvörðun um rétt og skyldur manna. Stjórnsýslunefnd fellur í þann flokk stjórnvalda þar sem fleiri menn annast í sameiningu stjórnsýslu og var áður gjarnan nefnt „fjölskipað stjórnvald“ í stjórnsýslurétti. Eðli málsins samkvæmt eru slíkar nefndir almennt ekki starfhæfar nema á fundum og ekki ályktunarhæfar nema a.m.k. helmingur nefndarmanna sæki fund, sbr. til hliðsjónar ákvæði VIII. kafla stjórnsýslulaga. Ekki verður annað ráðið en að ákvæði 27. gr. laganna um Seðlabankann séu mjög í samræmi við þessar grunnreglur en þar segir beinlínis að fundur ráðsins sé ályktunarhæfur ef meiri hluti bankaráðs situr hann.

Samkvæmt framansögðu lítur Ríkisendurskoðun svo á að bankaráðinu sé að fullnægðum skilyrðum 27. gr. heimilt að samþykkja þær greiðslur, er tengjast rekstri bankans og varða fjárhagslega hagsmuni bankastjórans, sbr. áður nefndan b. lið 28. gr. laganna, þ. á m. kostnað við álit um réttarstöðu bankastjórans gagnvart bankanum.

2. Heimildir fv. formanns bankaráðs til að samþykkja reikninga vegna málskostnaðar seðlabankastjóra til greiðslu hjá bankanum

Svo sem áður greinir leit fv. formaður bankaráðsins svo á að þar sem hann hefði með vitneskju bæði bankaráðsins og yfirstjórnar bankans farið með forsvar fyrir hönd Seðlabankans í máli seðlabankastjóra gegn honum hefði hann jafnframt fullnægjandi heimild til að samþykkja umrædda reikninga. Að auki leit hann svo á að kostnaður beggja aðila af málinu, væri í ljósi skýrra hagsmuna bankans með réttu rekstrarkostnaður hans.

Hvað sem þessum sjónarmiðum líður verður í ljósi þess sem rakið er í umfjöllun um lið 1 ekki litið fram hjá því að bankaráðið er fjölskipað stjórnvald. Gerðabók ráðsins ber ekki með sér að ákvörðun um greiðslu málskostnaðar bankastjórans hafi verið borin upp til samþykktar í ráðinu eins og gert er ráð fyrir í 27. gr. laganna. Þá hefur athugun stofnunarinnar ekki leitt í ljós að í gildi séu reglur, samþykktir eða umboð til handa formanni bankaráðsins til þess að taka tiltekna ákvarðanir f.h. bankaráðsins utan funda, svo sem um útgjöld tengd bankastjóranum. Með vísan til þessa og í ljósi þess að hér var um umtalsverð útgjöld að ræða hefði að mati Ríkisendurskoðunar átt að bera ákvörðun um greiðslu þeirra upp til samþykktar í bankaráðinu.

3. Hefur embættisfærsla seðlabankastjóra verið með eðlilegum hætti í tengslum við greiðslu reikninganna?

Ekkert hefur komið í ljós við úttektina sem bendir til þess að bankastjórinn sjálfur hafi á nokkurn hátt komið að ákvörðun um, fyrirmælum eða samþykki greiðslu þeirra reikninga, sem hér um ræðir, heldur var hér alfarið um ákvarðanir og fyrirmæli fv. formanns bankaráðsins að ræða.

4. Hvenær og hvernig var ákvörðun fv. formanns bankaráðs tekin um að Seðlabanki Íslands greiddi málskostnað seðlabankastjóra vegna málsóknar hans á hendur bankanum og hvenær vissi hann af þeirri ákvörðun?

Svo sem áður er getið kom bankaráðið sem slíkt ekki að ákvörðun um greiðslu málskostnaðarins og er ekki að finna bókanir um hana í fundargerðabók þess. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvenær eða hvernig ákvörðun um að bankinn greiddi kostnaðinn bar að enda engin skrifleg gögn um hana. Ljóst er þó að ákvörðun fv. bankaráðsformanns um að bankinn myndi a.m.k. leggja út fyrir kostnaði bankastjórans af málarekstrinum lá fyrir eigi síðar en 22. desember 2011, en þá áritaði hann fyrsta málskostnaðarreikning lögmanns bankastjórans, sem gefinn var út 6. desember 2011 eða viku eftir að stefnan var gefin út á hendur bankanum. Samkvæmt upplýsingum fv. formanns bankaráðs þótti honum bæði sanngjart og eðlilegt í ljósi þess hvernig málið væri vaxið að bankinn legði út fyrir málskostnaði bankastjórans.

Eins og vikið er að hér að framan hafði fv. formaður við ákvörðun sína m.a. í huga að fyrir lá afdráttarlaust lögfræðialit hæstaréttarlögmanns um að kjörum bankastjórans yrði ekki sagt upp bótalaust á ráðningartímabili hans. Var þetta álit mjög í samræmi við önnur lögfræðialit um sambærileg úrlausnarefni gagnvart ýmsum forstöðumönnum ríkisfyrirtækja og félaga í meirihlutaeigu ríkisins. Að auki ber að hafa í huga að fv. formaður, sem er einn af helstu sérfræðingum þjóðarinnar í vinnurétti og hefur m.a. gefið út kennslubækur á því sviði, var algerlega sammála niðurstöðu lögfræðialitsins. Því taldi hann langlíklegast að væntanlegur dómur yrði bankanum í óhag. Þá hafði hann og í huga að í deilum af þessu tagi er mjög algengt að starfsmaður þurfi ekki sjálfur að standa undir málskostnaði sínum heldur njóti hann stuðnings ýmist kjarafélags síns eða annarra, sem beinna hagsmuni hafa af því að fá úr málinu skorið.

Geta má þess hér að í opinberri yfirlýsingu fv. formanns bankaráðsins frá 7. mars sl. vegna fréttaflutnings af málinu sagði m.a.:

„Ég var formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands á þessum tíma. Bankaráðið hafði beðið Andra Árnason hrl. um lögfræðilega álitserð um réttarstöðu seðlabankastjóra þar sem hann var meðal annars spurður hvort hægt væri að lækka laun seðlabankastjóra á skipunartíma og frá hvaða tímapunkti ætti að greiða seðlabankastjóra laun samkvæmt ákvörðun kjararáðs. Niðurstaða lögfræðialitsins var sú að ekki væri hægt að breyta launum seðlabankastjóra á skipunartíma og því kæmi úrskurður kjararáðs ekki til framkvæmda fyrr en að honum liðnum. Tilraunir Más Guðmundssonar til að fá kjararáð til að staðfesta niðurstöðu álitsins reyndust árangurslausar. Eina leiðin til að fá úr þessu skorið var fyrir dómstólum. Það var ekki

síður hagsmunamál Seðlabankans sjálfs að fá úr þessu skorið en þess einstaklings sem á hverjum tíma gegnir embætti seðlabankastjóra. Í ljósi þessa var sú ákvörðun tekin að bankinn stæði straum af öllum kostnaði vegna málsins.

Bankaráðið var á hverjum tíma upplýst um stöðu þessa dómsmáls og hafði öll tæk á að fylgjast með málinu, en ég sem formaður ráðsins hafði meginumsjón með rekstri málsins fyrir hönd bankans og átti í samskiptum við þá sem önnuðust málareksturinn eftir þörfum.“

Hinn 1. júlí 2013 ritaði formaður bankaráðs sérstakt bréf fyrir málaskrár bankans um greiðslu málskostnaðar seðlabankastjórans vegna úrskurðar kjararáðs frá 23. febrúar 2010. Bréfið er svohljóðandi:

Seðlabankastjóri hefur rekið mál fyrir dómstólum til að fá úr því skorið hvort hægt hefði verið að skerða laun og starfskjör á skipunartíma hans með þeim hætti sem gert var með úrskurði kjararáðs, nr. 2010.4.019, frá 23. febrúar 2010, og hver réttindi hans eru að þessu leyti í samanburði við þá sem eru með ráðningarsamninga með skilgreindum uppsagnarfresti. Það er einnig mikilvægt fyrir Seðlabankann sem stofnun að réttaróvissu hvað þetta varðar sé eytt, þ.m.t. varðandi svigrúm bankaráðs til að taka ákvörðun um tímasetningu breytinga á launakjörum seðlabankastjóra. Af ofangreindum ástæðum hefur verið talið rétt að Seðlabankinn greiði málskostnað seðlabankastjóra vegna ofangreinds máls.

Bréf þetta var ekki borið upp né kynnt í bankaráðinu. Nýtt bankaráð tók við hinn 5. júlí 2013.

5. **Var viðeigandi verklagsreglum Seðlabankans við framkvæmd greiðslunnar, þ.m.t. reglum um heimild starfsmanna bankans til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni, starfsreglum um áritun á fylgiskjöl og öðrum þeim reglum, sem við kunna að eiga?**

Samkvæmt 4. mgr. 23. gr. laganna um bankann skal seðlabankastjóri setja reglur um umboð starfsmanna og aðstoðarseðlabankastjóra til að skuldbinda bankann með undirskrift sinni og skulu reglurnar staðfestar af bankaráði, sbr. g. lið 28. gr. Gildandi reglur í þessu efni eru frá 10. júní 2013. Þær reglur, sem voru í gildi á umræddu tímabili, voru frá 24. september 2009. Í þeim kemur fram að umboðum til undirskriftar er skipt í A-umboð og B-umboð. Í 4. gr. reglnanna er mælt svo fyrir að seðlabankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri í fjarveru hans, hafi almennt ótakmarkað A-umboð til undirskriftar og geta hvor um sig skuldbundið bankann með undirskrift sinni. Þá kemur einnig fram í þessari grein að fylgja skuli þeirri meginreglu að undirskrift seðlabankastjóra eða aðstoðarseðlabankastjóra ásamt undirskrift starfsmanns með A-umboð eða B-umboð þurfi til að skuldbinda bankann.

Ekki er í reglunum kveðið sérstaklega á um til hvaða þátta í rekstrinum A-umboð nái nema að í 6. grein er kveðið á um að starfsmaður með A-umboð geti skuldbundið bankann í öðrum málum, þ.m.t. með útgáfu tékka, ásamt starfsmanni með B-umboð. Í reglunum frá 10. júní 2013 er kveðið skýrar á um til hvaða þátta í rekstri mismunandi umboð ná. Þar segir m.a. í 13. grein:

Til skuldbindinga bankans vegna samninga um kaup á vöru og þjónustu, eða framkvæmd verks, þar sem kaupin eru yfir viðmiðunarfjárhæðum laga um útboðsskyldu, þarf undirskrift tveggja starfsmanna, annars með A-umboð og hins með B-umboð. Séu kaupin ekki yfir viðmiðunarfjárhæðum laga um útboðsskyldu þarf undirskrift tveggja starfsmanna með B-umboð.

Þeir reikningar, sem greiddir voru vegna málskostnaðar seðlabankstjóra, voru áritaðir til samþykktar af þv. formanni bankaráðs. Auk þess var áritunin „séð“ gerð af starfsmanni með A-umboð. Skv. upplýsingum starfsmannsins fólst í þessari áritun aðeins staðfesting á því að reikningurinn hafi farið um hendur hans en það hafi ekki verið hans hlutverk að samþykkja reikninginn enda hafði hann þá þegar verið samþykktur af formanni bankaráðs. Hvorki í reglum frá 2009 eða gildandi reglum frá 2013 er kveðið á um heimild formanns bankaráðs til að skuldbinda bankann. Slíkt er í sjálfu sér ekki óeðlilegt enda reglurnar settar af seðlabankastjóra og gilda um starfsmenn bankans eingöngu. Formaður bankaráðsins telst ekki til starfsmanna bankans og því er eðlilegt að reglur um heimildir hans í þessu efni, sem rúmast verða innan laganna um bankann, séu settar af bankaráðinu.

Hvað sem framansögðu líður verður að líta svo á að í ákvarðanavaldi bankaráðsins um aðra fjárhagslega hagsmuni bankastjórans sjálfs, sbr. áður nefndan b. lið 28. gr., felist sjálfstæð heimild ráðsins til þess að skuldbinda bankann að því leyti. Í þessum tilvikum er jafnframt eðlilegt að formaður þess komi á grundvelli ótvíræðs umboðs bankaráðsins fram fyrir þess hönd að því er framkvæmd ákvarðana varðar, svo sem að skrifa upp á útgjaldaheimildir, samþykkja reikninga o.þ.h. enda bankastjórinn og undirmenn hans vanhæfir. Í þessu efni er jafnframt eðlilegt að hann fylgi starfsreglum bankans um áritun á fylgiskjöli frá 25. apríl 2005 að breyttum breytanda. Ríkisendurskoðun mælist því til að bankaráðið setji sér reglur eða leiðbeinandi viðmið í þessu efni til þess að tryggja að framkvæmd í þessum eignum verði bæði samræmd og skýrari.

6. Getur málskostnaður seðlabankastjóra talist til rekstrarkostnaðar bankans?

Svo sem vikið er að hér að framan, m.a. í umfjöllun um lið 4. hafa verið færð ýmis rök fyrir því að eðlilegt kunni að vera, eins og mál þetta er vaxið, að bankinn beri kostnað bankastjórans af málarekstrinum þó svo hann hafi ekki verið dæmdur til þess. Ríkisendurskoðun telur á hinn bóginn ekki rétt að taka sérstaka afstöðu til þess álitamáls heldur sé það hlutverk bankaráðsins. Stofnunin tekur í þessu sambandi fram að við gjaldfærslu af þessu tagi í reikningum bankans skiptir meginmáli að hún styðjist við lögformlega ákvörðun meirihluta bankaráðs. Með vísan til þess, sem segir í 2 lið hér að framan, er að mati stofnunarinnar æskilegt að bera málið upp í bankaráðinu til endanlegrar ákvörðunar.

7. Hver á skattaleg meðferð greiðslunnar að vera, ef ekki er um rekstrarkostnað bankans að ræða?

Eins og mál þetta er vaxið lítur Ríkisendurskoðun svo á að ef bankaráðið hyggst endurskoða umrædda ákvörðun þv. bankaráðsformanns um að bankinn skuli bera umræddan kostnað sé einboðið að það þurfi m.a. að ganga úr skugga um hvort skilyrði séu til staðar til að krefja bankastjórnann um endurgreiðslu hans. Umrædd ákvörðun var í eðli sínu ívilnandi og þó

áhöld séu um hvort hún hafi byggt á fullnægjandi umboði er nauðsynlegt að ganga úr skugga um hvort hún hafi, hvað sem því líður, ekki skapað bankastjóranum ákveðinn rétt. Áður en endanleg ákvörðun yrði tekin í þessu efni er því m.a. nauðsynlegt að hafa í huga ýmis ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993, svo sem 25. gr. þeirra um afturköllun stjórnvaldsákvæðana. Með hliðsjón af framansögðu telur stofnunin því hvorki rétt né eðlilegt að hún tjái sig um skattalega meðferð greiðslunnar enda liggur í raun ekki fyrir hver afstaða bankaráðs er til þeirrar spurningar hvort bankinn skuli bera þennan kostnað eða ekki. Að öðru leyti nægir, að því er þetta álitamál varðar, að vísa til hjálagðra afrita af umfjöllun Skúla Eggerts Þórðarsonar, ríkisskattstjóra í Morgunblaðinu hinn 14. mars sl. og Ásmundar G. Vilhjálmssonar, aðjúnkts við H.Í. í sama blaði þann 13. mars sl.

8. Eru fleiri sambærileg tilvik um að reikningar hafi verið samþykktir af formönnum bankaráðs til greiðslu hjá bankanum í gildistíð núverandi laga um Seðlabanka Íslands?

Ekkert annað dæmi fannst í athugun þessari um að reikningar vegna útgjalda Seðlabankans hafi verið samþykktir af formönnum bankaráðs í gildistíð núverandi laga um bankann án aðkomu eða afskipta bankaráðsins. Við athugunina voru m.a. afrit af fundargerðum bankaráðsins frá árinu 2001 kannaðar og rætt við bæði þáverandi ritara bankaráðsins og núverandi ritara þess sem og núverandi rekstrarstjóra bankans.

Rétt er að geta þess að á fundi bankaráðsins hinn 27. maí 2010 var m.a. fjallað um breytingar á launakjörum seðlabankastjóra í tilefni af úrskurði Kjararáðs frá 23. febrúar 2010 þar um. Af því tilefni tilkynnti þv. formaður bankaráðsins að hann hefði óskað eftir lögfræðialíti frá Andra Árnasyni hrl. um það hvernig standa skyldi að launabreytingunum. Í fundargerð fundarins er greint frá því að fulltrúar í bankaráðinu hafi allir lýst afstöðu sinni til málsins og jafnframt að komið hafi fram efasemdir um hvort formaður bankaráðs gæti óskað eftir lögfræðialíti án fulltingis ráðsins sjálfs. Í fundargerð næsta fundar bankaráðsins, sem haldinn var hinn 10. júní 2010, kemur fram að formaður ráðsins hafi dreift lögfræðialíti Andra og reifað niðurstöður hans. Engar athugasemdir eru bókaðar í fundargerð þessa fundar, hvorki við ákvörðun formannsins um að óska eftir álitinu né kostnað því samfara eða niðurstöðu.

Í júlí 2010 greiddi bankinn reikning vegna lögfræðialítsins samkvæmt tilmælum þv. formanns bankaráðsins en hann nam samtals kr. 362.174. Ríkisendurskoðun lítur svo á að í ljósi umfjöllunar bankaráðsins um álitid og þeirrar staðreyndar að engar frekari bókaðar athugasemdir eru að finna um kostnað því samfara hafi það í raun ekki gert athugasemdir við þessi útgjöld.

Í tengslum við framangreinda umfjöllum má geta þess að hinn 6. janúar 2012 skrifaði fv. formaður bankaráðsins f.h. bankans undir yfirlýsingu um að Seðlabankinn ábyrgðist gagnvart Má Guðmundssyni skaðleysi vegna setu hans í stjórn Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf., fyrir hönd Seðlabankans. Bankinn gaf út sambærilega skaðleysisyfirlýsingar gagnvart öðrum stjórnarmönnum, sem jafnframt voru starfsmenn bankans, en þær voru undirritaðar af seðlabankastjóra sjálfum. Hvorki Már né nokkur af hans undirmönnum gátu eðli málsins samkvæmt skrifað undir slíka yfirlýsingu gagnvart honum sjálfum. Ástæða þess að bankinn taldi nauðsynlegt að gefa út sérstaka yfirlýsingu hér að lútandi er sú að fyrirfram er ekki hægt að útiloka að fjárkröfum verði beint að stjórnarmönnum slíks félags auk þess sem

stjórnarsetan var ólaunuð. Yfirlýsing bankans gagnvart Má er með sama hætti og hinum yfirlýsingunum ætlað að hafa skuldbindingargildi ef á reynir. Hins vegar hefur yfirlýsingarinnar ekki verið getið í fundargerðum bankaráðsins né er þar að finna sérstakt umboð til handa þv. formanni til þess að skuldbinda bankann með þessum hætti. Af þessum ástæðum kunna að vera áhöld um skuldbindingargildi umræddrar yfirlýsingar og því telur Ríkisendurskoðun æskilegt að bankaráðið fjalli sérstaklega um hana með formlegum hætti.

9. Hvers vegna fjármálaráðuneyti voru veittar upplýsingar með þeim hætti sem gert var í tengslum við fyrirspurn frá Alþingi árið 2012?

Í tilefni af fyrirspurn Ásmundar E. Daðasonar, þingmanns, sem dreift var á Alþingi hinn 13. nóvember 2012 til fjármála- og efnahagsráðherra um kostnað við málaferli seðlabankastjóra gegn Seðlabankanum (sbr. þingskjal 484 á 141. löggjafarþingi), sendi ráðuneytið bankanum tölvuskeyti hinn 15. nóvember s.á. þar sem farið var fram á upplýsingar um kostnað þann, sem fyrirspurn þingmannsins laut að. Í svari bankans til ráðuneytisins, dags. 30. nóvember 2012, segir svo m.a.:

„Vísað er til tölvupósts yðar, dags. 15. nóvember 2012, þar sem þér farið f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytisins fram á, að Seðlabankinn upplýsi um „kostnað við málaferli seðlabankastjóra“, sbr. fyrirspurn til fjármála- og efnahagsráðherra á þingskjali nr. 484 sem lagt var fram á 141. löggjafarþingi.

Nánar tiltekið er um að ræða eftirfarandi spurningar:

1. *„Hver var kostnaður Seðlabanka Íslands af málaferlum seðlabankastjóra gegn bankanum?“*

Kostnaður til þessa dags nemur samtals kr. 4.060.825.

2. *„Mun seðlabankastjóri greiða bankanum þann kostnað?“*

Það er ekki mögulegt að svara spurningunni á þessu stigi, þar sem uppgjör hefur ekki farið fram á héraðsdómi, m.a. þar sem áfrýjunarfrestur er ekki liðinn.“

Svo sem fram kom í yfirlýsingu seðlabankastjóra, dags. 11. mars 2014, var fyrirspurninni ekki svarað í þinginu í beinu framhaldi af þessu bréfi. Af þessum sökum var málið tekið upp að nýju á milli ráðuneytisins og bankans í lok janúar 2013 og nýtt svar útbúið við beiðni ráðuneytisins frá 15. nóvember 2012 og sent því með bréfi, dags. 28. janúar 2013. Ástæðan fyrir breyttu svari við seinni spurningunni var fyrst og fremst sú að þá lá fyrir að seðlabankastjóri hafði áfrýjað dómi héraðsdóms til Hæstaréttar. Í seinna svari bankans er spurningum ráðuneytisins svarað svo:

„Svarið við fyrri spurningunni er það, að kostnaður til þessa dags nemur samtals kr. 4.060.825.

Varðandi seinni spurninguna þá var það svo, að báðir málsaðilar (þ.e. seðlabankastjóri og Seðlabanki Íslands) gerðu kröfu um að hinn greiddi málskostnað, vegna dómsins sem kveðinn var upp af héraðsdómi Reykjavíkur 3. október 2012. Í dómsorði

var kveðið á um að málskostnaður falli niður, sem almennt þýðir það að málsaðilar bera hvor um sig þann kostnað sem þeir hafa stofnað til sjálfir (svo sem lögmannskostnað). Seðlabankastjóri áfrýjaði dómi héraðsdóms til Hæstaréttar, sem hefur tekið málið til meðferðar, og því liggur á þessari stundu ekki fyrir hvort þessi niðurstaða er endanleg.“

Fyrir liggur að þeir starfsmenn bankans, sem gengu frá ofangreindum svörum fyrir hönd hans, var kunnugt um að fjárhæðin fæli í sér heildarkostnað beggja málsaðilanna við málareksturinn í héraði, sem bankinn hafði þegar staðið straum af. Svárið hefði að sönnu mátt vera nákvæmara en þar sem í fyrirspurninni var ekki óskað eftir neinni sundurliðun á kostnaði bankans að þessu leyti er ekki hægt að halda því fram að svar bankans sé á nokkurn hátt rangt. Það er m.a. í samræmi við bókhald hans á þessum tíma og ákvörðun formanns bankaráðsins um að bankinn myndi leggja út fyrir málskostnaði bankastjórans.

10. Hefur í máli þessu verið farið að lögum og reglum sem um Seðlabanka Íslands gilda og hver eru réttu viðbrögð bankaráðsins hafi misbrestur verið þar á?

Hvorki lögin um Seðlabanka Íslands né reglugerðin um hann gera ráð fyrir því að formaður bankaráðsins hafi sjálfstæðar valdheimildir, svo sem til að skuldbinda bankann með einhverjum hætti. Athugun á fyrri starfsháttum eða venjum í þessum efnum hefur ekki leitt í ljós nein önnur dæmi en vikið hefur verið að hér að framan um að formaður bankaráðsins hafi í krafti embættis síns stofnað til útgjalda, er tengjast rekstri bankans og samþykkt greiðslu reikninga, er að þeim lúta. Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til b. liðar 28. gr. laganna um Seðlabankann lítur Ríkisendurskoðun svo á að útgjaldatilfæni í tengslum við fjárhagslega hagsmuni bankastjórans verði að bera upp í bankaráðinu til samþykktar áður en greiðsla er innt af hendi eða að það veiti t.d. formanni formlega heimild til að stofna til þeirra.

Rétt er að ítreka í þessu sambandi að fv. formaður taldi sig ekki hafa sjálfstæða valdheimildir. Hann leit á hinn bóginn svo á að þar sem hann var með fullri vitneskju og a.m.k. án formlegra athugasemda bankaráðsins í forsvari fyrir bankann í þessu dómsmáli og tekið að sér að ljúka því hefði hann jafnframt heimild til þess að skuldbinda bankann að þessu leyti. Að mati Ríkisendurskoðunar er varla hægt að horfa fram hjá því að mál það, sem hér um ræðir, þ.e.a.s. málssókn starfandi seðlabankastjóra á hendur bankanum, er ákaflega sérstaks eðlis. Við málssóknina urðu allir starfsmenn bankans vanhæfir, sbr. til hliðsjónar 5. tölul. 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Því var einboðið að bankaráðið og þá einkum formaður þess hlyti að vera í forsvari fyrir bankann að því er málareksturinn varðaði. Fjallað er um stefnu hans á fundi ráðsins 29. desember 2011, þ.e.a.s. á fyrsta fundi eftir að stefnan var birt. Formaðurinn hafði haldið á málum er lutu að starfskjörum forvera Más auk þess sem hann er hæstaréttarlögmaður að atvinnu. Því lá beinast við að verkefnið væri áfram í höndum hans.

Afrit úr Morgunblaðinu:

Umfjöllun Ásmundar G. Vilhjálmssonar, aðjúnkts við H.Í. 13. mars 2014

Svar Skúla Eggerts Þórðarsonar, ríkisskattstjóra 14. mars.2014

M
17.03.14
bls 21

Svar ríkisskattstjóra við opnu bréfi

Í fimmtudagsblaði Morgunblaðsins 13. mars 2014 var þeirri fyrirspurn beint til ríkisskattstjóra hvað embættið hefði í hyggju að gera varðandi greiðslu Seðlabanka Íslands á málskostnaði bankastjóra. Fram kemur hjá bréfitara að hann telji sjálfur hafið yfir vafa að um sé að ræða skattskyldar greiðslur og tekur fyrirspurnin mið af því.

Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri taka fram að um hlunnindi og skattskyldu einstakra greiðslna gilda ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Um þau atriði sem bréfitari spyr um hefur embættið þegar tjáð sig opinberlega bæði í Morgunblaðinu og víðar. Í tilvitnuðu tölublaði er einnig fjallað um mögulega skattskyldu á greiðslum af þessu tagi af fræðimanni í skattarétti þar sem reifuð eru helstu álitamál. Í þessu samhengi skiptir meginmáli hvort greiðsla launagreiðanda og ákvörðun um greiðsluna teljist vera í þágu launagreiðandans sjálfes vegna hagsmuna sem hann hefði af slíku, eða ekki. Þannig skapast um leið álitamál hvort greiðslur af þessu tagi teljist vera beinn rekstrarkostnaður í skilningi 31. gr. tilvitnaðra laga þegar skattskyldur lögaðili á í hlut. Sé komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé um rekstrarkostnað að ræða og frádráttur greiðslunnar frá tekjum byggist því ekki á rekstrarkostnaðarhugtaki tilvitnaðrar 31. gr. reynir á hvort og með hvaða hætti skattskylda skapast vegna slíkra greiðslna. Kemur þá venjulega tvennt til álita: Að fella niður frádrátt frá skattskyldum tekjum launagreiðandans eða bæta greiðslu útlagðs kostnaðar við laun og líta á greiðsluna sem hlunnindi og ákvarða skatt á þeim grunni.



Skúli Eggert Þórðarson

Þegar launagreiðandi telst undanþeginn skattskyldu tekjuskatts samkv. 4. gr. tilvitnaðra laga eiga önnur sjónarmið við að hluta. Þar kemur m.a. til skoðunar hvort Ríkisendurskoðun telji að um sé að ræða kostnað sem falla skuli undir ákvæði laga um fjárreiður ríkisins, þ.e. að útgjöldin teljist vera kostnaður sem t.a.m. ríkissjóður eigi að bera. Komist þar til bær yfirvöld að þeirri niðurstöðu að kostnaður vegna starfsmanns séu ekki lögmæt ríkisútgjöld blasir við að greiðslan verður þá endurkræf enda ekki um rekstrargjöld hjá ríkissjóði að ræða. Fellur þá hugmynd um skattlagningu sjálfkrafa niður þar sem greiðslan hlýtur þá að hafa gengið til baka.

Ríkisskattstjóri hefur ekki stöðu að lögum til að tjá sig opinberlega um málefni einstakra skattaðila og mun því ekki gera það enda standa ekki lög til þess að ákvörðun um skattlagningu einstakra manna eða lögaðila verði ákveðin opinberlega af embættinu. Því er ekki heimilt að upplýsa fyrirspyrjanda um fyrirætlanir embættisins í einstökum málum.

>> ...að kostnaður vegna starfsmanns séu ekki lögmæt ríkisútgjöld blasir við að greiðslan verður þá endurkræf enda ekki um rekstrargjöld hjá ríkissjóði að ræða

M

13.03.14

bl. 6

Kostnaður SÍ veki spurningar

Skattalögmaður bendir á álitamál

Baldur Arnarson baldura@mbl.is

Eins og Morgunblaðið hefur greint frá greiddi Seðlabankinn málskostnað Más Guðmundssonar seðlabankastjóra vegna málsóknar hans gegn bankanum.

Hlutur seðlabankastjóra var alls 4.148.116 krónur fyrir lögfræðikostnað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og Hæstarétti, af samtals 7.431.356 króna kostnaði Seðlabanka Íslands við málaferlin.

Greiðslur Seðlabankans vegna þessa voru ekki þekktar fyrr en Morgunblaðið greindi frá málinu. Því vaknar spurning um hvernig hefði átt að fara með þessar greiðslur í skattskilum Más.



Ásmundur G. Vilhjálmsson

Af því tilefni leitaði Morgunblaðið álits Ásmundar G. Vilhjálmssonar skattalögmanns og aðjunktis við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Hann segir málið flókið.

Flókið úrlausnarefni

»Þetta er mjög flókið vandamál og því ekki unnt að gefa einhlítt svar við því. Í fljótu bragði sýnist mér þannig reyna á þrenns konar álitamál við úrlausn þess.

Annars vegar er það spurningin hvort málskostnaðargreiðslan tilheyrir raunverulega Má því eins og fram hefur komið virðist hann hafa neyðst til að fara í málið af tæknilegum ástæðum. Greiðslan tilheyrir því greiðandanum, það er bankanum, og fyrst svo er myndi ekki vera hægt að gera Má skatt af henni.

En jafnvel þótt talið yrði að greiðslan tilheyrði Má kann Már að eiga rétt á að draga frá greiðslunni jafnháa fjárhæð og greiðslunni nam þannig að skattskyldar tekjur hans undir þeim kringumstæðum eru 0 kr. Helgast það af því að mögulega telst greiðslan ekki laun, kaupauki eða launahlunnindi heldur styrkur og frá slíkum greiðslum má draga kostnað sem gengur til að afla teknanna eftir sömu reglum og þegar rekstrarkostnaður á í hlut.«

Gæti talist til hlunninda

Ásmundur heldur áfram.

»Loks kemur til greina að líta á greiðsluna sem laun, kaupauka eða hlunnindi. Má rökstyðja það með vísan til uppruna teknanna. Almennt er ekki unnt að draga neinn kostnað frá launum. Ekki er samt hægt að loka augunum fyrir því að greiðslan dregur svolítinn blæ af endurgreiðslu á útlögðum kostnaði sem starfsmaður verður fyrir í vinnunni, ekki ósvipað því að gildir um starfsmenn utanríkisþjónustunnar þegar þeir fara til útlanda til að vinna og yrði það niðurstaðan sleppur Már við skattinn. Semsé mjög flókið mál með mörgum óvissupáttum,« segir Ásmundur G. Vilhjálmsson.